

# Efnisyfirlit

## **EINSTAKLINGAR**

Tekjuskattur og útsvar	2
Útvarpsgjald	4
Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra	4
Afslættir og frádrættir	5
Auðlegðarskattur	7
Fjármagnstekjuskattur	8
Vaxtabætur 2010	12
Barnabætur 2010	14
Tryggingabætur	16
Erfðafjárskattur og dánarbú	17
Bifreiðahlunnindi	18
Ökutækjastyrkur	18
Dagpeningar	19
Umsókn um lækkun tekjuskattsstofns	23

## **ÝMSAR UPPLÝSINGAR UM STAÐGREIÐSLU**

Staðgreiðsla 2010	24
Bifreiðahlunnindi 2010	24
Dagpeningar 2010	25

## **ATVINNUREKSTUR**

Opinber gjöld 2010 vegna rekstrar á árinu 2009	26
Söluhagnaður	27
Skattafrádráttur nýsköpunarfyrirtækja	28
Skattafrádráttur vegna fjárfestingar í nýsköpunarfyrirtækjum	29
Afskriftarhlutföll og niðurfærsla eigna	30
Virðisaukaskattur	31
Samsköttun félaga	33
Reiknað endurgjald 2010	34
Arður	35
Stofnun félaga	36
Uppgjör í erlendri mynt	37
Gengishagnaður og gengistap hjá þeim sem stunda atvinnurekstur	38

## **ÖNNUR ATRÍÐI**

Ýmsar upplýsingar	39
Tvísköttunarsamningar	42
Takmörkuð skattskylda	44
Yfirlit um útsvar	45
Skattyfirvöld	46
Helstu kennitölur ársreiknings	47
Helstu kennitölur á verðbréfamarkaði	48

# Tekjuskattur og útsvar

## Staðgreiðsla 2010

Staðgreiðsluhlutfall 2010	Tekjuskattur	Útsvar	Samtals
· Af fyrstu 200.000 kr. (skattþrep I)	24,1%	13,12%	37,22%
· Af næstu 450.000 kr. (skattþrep II)	27,0%	13,12%	40,12%
· Af fjárhæð umfram 650.000 kr. (skattþrep III)	33,0%	13,12%	46,12%

Börn fædd 1995 og síðar vegna tekna umfram 100.745 kr. (4%+2%) 6%

Starfi einstaklingur hjá fleiri en einum launagreiðenda á sama launátímabili þá ber launþega að upplýsa launagreiðendur um rétt innheimtuhlutfall í staðgreiðslu þannig að afdráttur verði sem réttastur.

Pegar skattaðilar eru samskattaðir skal við álagningu opinberra gjalda taka tillit til þess hvort tekjuskattsstofn annars aðila er undir 7.800.000 kr. og hins yfir sömu upphæð. Þá færirst helmingurinn af ónýttu skattþrepi II hjá tekjulægri aðila yfir til þess tekjuhærri. Ekki er tekið tillit til þessara tilfærslna á staðgreiðsluári heldur reiknast hún í álagningu.

## Dæmi um skattlagningu hjóna/sambúðarfólks

### Skattaðili 1

Tekjuskattstofn 9.000.000 kr.

Af fyrstu 2.400.000 kr.  
reiknast 24,1% tekjuskattur

Af næstu 5.400.000 kr.  
reiknast 27% tekjuskattur

Af næstu 900.000 kr.  
reiknast 27% tekjuskattur

Af því sem eftir stendur, 300.000 kr.  
reiknast 33% tekjuskattur

### Skattaðili 2

Tekjuskattstofn 6.000.000 kr.

Af fyrstu 2.400.000 kr.  
reiknast 24,1% tekjuskattur

Af 3.600.000 kr.  
reiknast 27% tekjuskattur

Skattaðili 2 á 1.800.000 kr.  
„ónýttar“ í þrepi 2

Helmingur af „ónýttu“ þrepi 2  
yfirfærirst til skattaðila 1

- Á árinu 2009 var staðgreiðsluhlutfallið 37,2% (24,1% + 13,1%)
- Staðgreiðsluhlutfall barna fædd 1994 eða síðar var 6% vegna tekna umfram 100.745 kr.
- Á tímabilinu júlí-desember 2009 var einnig lagður á sérstakur hátekjuskattur af skattstofni sem var umfram 700.000 kr. á mánuði.
- Skattprósentan á hátekjuskatti var 8%.

# Útvarpsgjald

· Gjaldið verður við álagningu árið 2010

kr. 17.200

Gjaldið er lagt á alla á aldrinum 16-69 ára sem eru með tekjur yfir skattleysismörkum á árinu 2009.

---

# Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra

· Gjaldið verður við álagningu árið 2010

kr. 8.400

Gjaldið er lagt á alla á aldrinum 16-69 ára sem eru með tekjur yfir skattleysismörkum á árinu 2009.

# Afslættir og frádrættir

## Persónuafsláttur

- Persónuafsláttur 2009 (42.205 kr. að meðaltali á mánuði) 506.466 kr.
- Persónuafsláttur 2010 (44.205 kr. á mánuði) 530.466 kr.

Önyttur persónuafsláttur er að fullu yfirþæranlegur milli hjóna, sambúðarfólks sem og aðila í staðfestri samvist.

## Sjómannaafsláttur

- Á dag á árinu 2009 987 kr.
- Á dag á árinu 2010 987 kr.
- Á dag á árinu 2011 740 kr.
- Á dag á árinu 2012 493 kr.
- Á dag á árinu 2013 246 kr.

Sjómannaafsláttur verður að fullu afnuminn á árinu 2014.

## Afsláttur vegna fjárfestingar í nýsköpunarfyrirtæki

Fé sem varið er til kaupa á hlutabréfum við hlutafjárúkningu í nýsköpunarfyrirtækjum, sem uppfylla skilyrði laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki og Rannís hefur veitt staðfestingu, kemur til frádráttar tekjum einstaklinga utan atvinnurekstrar. Frádráttur skal miðast við fjárfestingu á hverju ári og nemur verðmæti keyptra hlutabréfa umfram verðmæti seldra hlutabréfa í sams konar félögum, en þó aldrei hærri en

300.000 kr. hjá einstaklingi og 600.000 kr. hjá hjónum. Það er skilyrði frádráttar að maður eigi viðkomandi hlutabréf yfir þrenn áramót og geri árléga grein fyrir eignarhaldi þeirra á skattframtali. Selji hann bréfin innan þess tíma færast nýttur frádráttur til tekna á söluári viðkomandi hlutabréfa nema maður kaupi á sama ári og eigi síðar en 30 dögum eftir sölnu önnur hlutabréf í sams konar félögum.

## Framlag í lífeyrissjóð

Skylða til að greiða iðgjald til öflunar lífeyrisréttinda hvílir á öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur (16-70 ára). Lágmarksiðgjald í lífeyrissjóð skal vera 12% (4% hjá launþega og 8% hjá launagreiðenda) og er reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa eða reiknuðu endurgjaldi. Iðgjaldshluti launþegans (4%) dregst frá skattskyldum tekjum hans. Til gjaldstofns teljast ekki hlunnindi eða greiðslur sem ætlaðar eru til endurgreiðslu á útlögðum kostnaði.

Til viðbótar lágmarksiðgjaldi er launamanni heimilt að greiða og draga frá skattskyldum tekjum sínum allt að 4% viðbótariðgjald, sé iðgjaldinu varið til að auka lífeyrisréttindi. Heimilt er að hækka það hlutfall í 6% á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. október 2010.

Viðbótariðgjaldinu má ráðstafa í séreignarsjóð. Í kjarasamningum flestra stéttarfélaganna er samið um mótframlag launagreiðenda og hafa flest stærri launþegasamtök samið um 2% mótframlag.

Meðan á fæðingarorlofi stendur greiðir foreldri að lágmarki 4% af fæðingarorlofsgreiðslu í lífeyrissjóð og Fæðingarorlofssjóður að lágmarki 8%. Foreldri er að auki heimilt að greiða í séreignarsjóð og greiðir þá Fæðingarorlofssjóður lögbundið framlag á móti.

Ef framlag launagreiðanda í lífeyrissjóð fer yfir 12% af launum og reiknuðu endurgjaldi og fer yfir 2.000.000 kr. á ári, þá telst það sem umfram er til skattskyldra launatekna.

# Auðlegðarskattur

Á framtalsskyldar eignir í lok áráanna 2009, 2010 og 2011 skal við álagningu 2010, 2011, 2012 og 2013 leggja á sérstakan auðlegðarskatt. Frá eignum skal draga frá skuldir skattaðila og miðast auðlegðarskattur því aðeins við hreina eign einstaklinga.

Auðlegðarskattur er lagður á:

- Hreina eign einstaklinga umfram 90.000.000 kr.
- Hreina eign hjóna/sambúðarfólks umfram 120.000.000 kr.

Skattprósenta auðlegðarskatts er 1,25%

Við ákvörðun auðlegðarskattstofns skal telja hlutabréf í félögum sem skráð eru í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði fram á markaðsvirði í árslok. Sá sem á hlut í félagi sem ekki er skráð í kauphöll eða á skipulögðum tilboðsmarkaði skal telja fram til auðlegðarskattstofns hlutdeild sína í skattalegu bókfærðu eigin fé félagsins eins og það er talið fram í skattframtali félagsins.

Á framtali 2010 verða hlutabréf talin fram á nafnverði, eins og tíðkast hefur. Þann hluta virðis eignarhluta í félagi sem er umfram nafnverð eða stofnverð skal telja fram á skattframtali 2011, 2012 og 2013.

Auðlegðarskattstofn vegna áráanna 2009, 2010 og 2011 skal því endur-

reikna við álagningu opinberra gjalda 2011, 2012 og 2013 með tilliti til viðbótareignar, þ.e. mismunar á nafnvirði og raunvirði hlutabréfa eins og það er skýrt hér að ofan. Sá mismunur sem myndast við þann endurreikning skal skattlagður við álagningu opinberra gjalda 2011, 2012 og 2013, hjá þeim sem eru með nettóeign umfram 90 eða 120 milljónir króna. Upplýsingar um mismun/viðbótareign mun koma fram á hlutafjármiðum 2011, 2012 og 2013.

Eignir barns sem er innan 16 ára aldurs á tekjuárinu skal teljast með eignum foreldra eða hjá þeim manni sem nýtur barnabóta vegna barnsins.

Hægt er að sækja um lækun auðlegðarskattstofns hafi gjaldþol gjaldanda skerst verulega.

# Fjármagnstekjuskattur

Tekjuskattur er lagður á fjármagnstekjur einstaklinga utan atvinnurekstrar. Skatthlutfallið er 18%.

Vextir af hvers konar bréfum, kröfum og innistæðum, sem gefin voru út eða til var stofnað fyrir 1. janúar 1997, teljast ekki til skattskyldra tekna að því leyti sem þeir voru áfallnir fyrir þau tímamörk.

Fjármagnstekjuskattur er lagður á heildarvaxtatekjur, án frádráttar vaxtagjalda. Ráðstafa skal til greiðslu tekjuskatts af fjármagnstekjum 18/37 hlutum þess persónuafsláttar sem ekki nýtist á móti tekjuskatti og útsvari.

## Vextir

Greiddir eða greiðslukræfir vextir, greiddar verðbætur á afborganir og vexti, gengishækkun hlutdeildar-skrifteina, hvers kyns gengishagnaður, áföll af keyptum verðbréfum, víxlum og sérhverjum öðrum kröfum og hvers kyns aðrar tekjur af peningalegum eignum skattleggjast í 18% skattþrepi.

Innleystur gengishagnaður á staðgreiðsluári og áfallinn í árslok af reikningum í innlánsstofnunum telst ennfremur til vaxta. Sama á við um gengishagnað sem fellur til frá einu greiðslutímabili til annars innan staðgreiðsluársins og skal slíkur hagnaður skattleggjast í 18% skattþrepi.

Ekki skal reikna tekjuskatt af heildarvaxtatekjum að fjárhæð 100.000 kr. á ári hjá einstaklingi. Ekki er tekið tillit til frítekjumarks í staðgreiðslu heldur einungis við álagningu opinberra gjalda.

## Mótreikningur fjármagnstekna

Heimilt er að draga tapaða vexti frá fjármagnstekjum hafi skattur verið greiddur af vöxtunum. Skal það gert á því ári sem sýnt er að krafan sem vextir voru reiknaðir af fæst ekki greidd. Ef heimildin nýtist ekki á því ári er hún yfirfæranleg til næstu fimm ára. Fylla þarf út eyðublað RSK 3.16 með skattframtali einstaklings.



## Arður

Fjármagnstekjuskattur af mótteknum arði af hlutum og hlutabréfum í félögum er 18%.

## Leigutekjur

Leigutekjur af íbúðarhúsnæði og lausafé skattleggjast í 18% skattþrepi og er enginn frádráttur frá þeim heimilaður. Frítækjumark vegna leigutekna manna af íbúðarhúsnæði er 30% af leigutekjum. Einnig má einstaklingur, sem leigir út húsnæði tímabundið, draga frá leigutekjum leigugjöld af íbúðarhúsnæði, sem hann leigir til eigin nota.

Útleiga manns á íbúðarhúsnæði telst ekki til atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi nema heildarfyrningargrunnur slíks húnæðis í eigu hans í árslok nemi 27.000.000 kr. eða meira ef um einstakling er að ræða, en 54.000.000 kr. hjá hjónum. Fjárhæðir þessar framreiknast en skv. framtalsleiðbeiningum RSK 2009 voru þær 29.324.700 kr. hjá einstaklingum og 58.649.400 kr. hjá hjónum.

## Stofnsjóðsfé

Fé það sem fært er til séreignar í stofnsjóði í gagnkvæmum váttryggingar- og ábyrgðarfélögum, kaupfélögum og öðrum samvinnufélögum og það fé, sem félagsaðilum í slíkum félögum er greitt út vegna viðskipta þeirra, skattleggst í 18% skattþrepi enda sé um einstakling utan atvinnurekstrar að ræða.

## Söluhagnaður

Hagnaður af sölu eigna, sem ekki tengjast atvinnurekstri, skattleggst í 18% skattþrepi. Undir þetta fellur t.d. hagnaður vegna sölu sumarbústaða, svo og hagnaður vegna sölu íbúðarhúsnæðis hafi eignarhaldstími þess verið skemmi en tvö ár.

Söluhagnaður lausafjár hjá einstaklingum, sem ekki er notað í atvinnustarfsemi eða sjálfstæðri starfsemi, er að meginstefnu undanþeginn skatti.

## Söluhagnaður af eignarhlutum í félögum

Hagnaður af sölu hlutabréfa myndar stofn til fjármagnstekjuskatts og er skattlagður 18%. Hagnaður telst vera mismunur á söluverði og kaupverði án alls framreiknings. Heimilt er að draga tap af sölu hlutabréfa frá hagnaði af sölu annarra hlutabréfa á sama ári.

Við útreikning á söluhagnaði hlutabréfa, sem voru í eigu seljanda fyrir 1. janúar 1997, er annað hvort heimilt að miða kaupverðið við jöfnunarverðmæti bréfanna 31.12.1996 án framreiknings, eða miða við upphaflegt kaupverð, framreiknað til 31.12.1996. Hagnaður af sölu hlutabréfa er skattfrjálur, að hámarki 367.625 kr. hjá einstaklingum og 735.250 kr. hjá hjónum, ef hlutafélagið hefur hlotið staðfestingu ríkisskattstjóra, bréfin verið keypt á árunum 1990 til 1996 og verið í eigu seljanda í full fjögur ár.

## Útgreiðsla til hluthafa vegna lækkunar hlutafjár og við félagsslit

Útgreiðsla til hluthafa umfram kaupverð við lækkun hlutafjár eða við félagsslit telst til arðsúthlutunar og skattleggst 18% án möguleika til frestunar.

## Hlutabréf á undirverði

Hagnaður einstaklings, sem eignast hlutabréf án endurgjalds eða á verði, sem er lægra en gangverð hlutabréfanna eða með öðrum sérkjörum sem jafna má til þess, er skattskyldur. Mismunurinn á gangverði og því verði sem hann galt fyrir þau skattleggjast í almennu skattþrepi tekjuskatts.

---

Hægt er að nálgast upplýsingar um jöfnunarverðmæti félaga á heimasíðu RKS – [www.rsk.is](http://www.rsk.is) –

## Kaup á hlutabréfum samkvæmt kauprétti

Tekjur starfsmanns af kaupum á hlutabréfum samkvæmt kauprétti, sem hann hefur öðlast vegna starfa fyrir annan aðila, eru skattlagðar í almennu skattþrepi tekjuskatts. Til skattskyldra tekna telst mismunur á kaupverði samkvæmt kaupréttarsamningi og gangverði bréfanna þegar kaupréttur er nýttur. Að uppfylltum tilteknum skilyrðum eru tekjur starfsmanns vegna kaupa hans á hlutabréfum samkvæmt kauprétti skattlagðar sem fjármagnstekjur (18%).

## Skilyrðin eru:

1. Kaupréttur verður að hafa náð til allra starfsmanna í félaginu. Hlutabréfum eða hlutum starfsmanna skulu fylgja sömu réttindi og öðrum hlutabréfum eða hlutum félagsins.
2. Starfsmaður verður að hafa verið í föstu starfi hjá félaginu eða í öðru félagi í sömu félagasamstæðu.
3. Minnst 12 mánuðir verða að líða frá gerð kaupréttarsamnings þar til hann er nýttur.
4. Kaupverð má eigi vera lægra en vegið meðaltal í viðskiptum með hluti eða hlutabréf félags í 10 heila viðskiptadaga fyrir samningsdag.
5. Starfsmaður verður að eiga hlutabréfin eða hlutina í tvö ár eftir að kaupréttur er nýttur.
6. Samningurinn er ekki framseljanlegur.
7. Kaup hvers starfsmanns mega að hámarki nema samanlagt 600.000 kr. á ári miðað við kaupverð samkvæmt samningi.
8. Senda ber ríkisskattstjóra fyrirfram áætlun um kauprétt til staðfestingar.

# Vaxtabætur 2010

## Vaxtabætur í álagningu 2010 vegna vaxtagjalda árið 2009

Almennt við ákvörðun vaxtabóta geta vaxtagjöld aldrei farið yfir 5% af eftirstöðvum þeirra lána sem tekin hafa verið til öflunar íbúðarhúsnæðis, miðað við stöðu þeirra í árslok.

Samþykkt hefur verið tímabundið ákvæði er kveður á um að vaxtagjöld til útreiknings vaxtabóta geta mest orðið 7% af eftirstöðvum skulda vegna íbúðarþauka við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2010 vegna tekna, eigna og skulda á árinu 2009.

Hámark vaxtagjalda til ákvörðunar vaxtabóta er:

· Einhleyingur	554.364 kr.
· Einstætt foreldri	727.762 kr.
· Hjón og sambúðarfólk	901.158 kr.

6% af tekjuskattsstofni (samanlögðum tekjuskattsstofni hjóna og sambúðarfólks) dragast frá vaxtagjöldum. Þá skal bæta við launum og staðaruppbót sendimanna erlendis. Vaxtatekjur skerða ekki vaxtagjöld við útreikning vaxtabóta, en þær eru taldar með í tekjuskattsstofni við útreikning á skerðingu bóttanna vegna tekna. Þannig ákvarðaðar vaxtabætur skerðast hlutfallslega ef eignir að frádregnum skuldum eru:

· **Hjá einhleyingi / einstæðu foreldri:**

Hærrí en	7.119.124 kr.
Og falla niður við hreina eign hærrí en	11.390.599 kr.

· **Hjá hjónum og sambúðarfólki:**

Hærrí en	11.390.599 kr.
Og falla niður við hreina eign hærrí en	18.224.958 kr.

## Fullar vaxtabætur

· Einhleyplingur	246.944 kr.
· Einstætt foreldri	317.589 kr.
· Hjón og sambúðarfólk	408.374 kr.

Heimilt er að greiða þeim sem kaupa eða hefja byggingu íbúðarhúsnæðis, vaxtabætur fyrirfram og er þá um bráðabirgðagreiðslu að ræða. Vaxtabætur fyrir fyrsta ársfjórðung eru greiddar 1. ágúst, fyrir annan ársfjórðung 1. nóvember, fyrir þriðja ársfjórðung 1. febrúar og fyrir fjórða ársfjórðung 1. maí. Sækja þarf um fyrirframgreiðslu vaxtabóta til ríkisskattstjóra og miðast upphafstími við þann ársfjórðung sem fyrsta fasteignaveðlán vegna kaupanna er tekið.

Endanlegar vaxtabætur ákvarðast svo í álagningu árið eftir. Athygli skal vakin á því að þinglýsingarkostnaður og stimpilgjöld af kaupsamningi eða afsali teljast ekki til vaxtagjalda hjá einstaklingum, hins vegar mynda lántökugjöld af skuldabréfum stofn til vaxtabóta.

Við ákvörðun vaxtabóta á því ári sem maður aflar sér íbúðarhúsnæðis, en hefur ekki fengið vaxtabætur árið áður, skal reikna vaxtabætur frá og með þeim ársfjórðungi sem fyrsta fasteignaveðlán vegna kaupanna er tekið. Skal hámark vaxtagjalda, tekjuskattstofn og hámark vaxtabóta þá ákveðið hlutfallslega miðað við það.

# Barnabætur 2009

Barnabætur eru reiknaðar í fyrsta skipti vegna barns í álagningu ári eftir að það fæðist og í síðasta skipti í álagningu á því ári sem það nær 18 ára aldri. Barnabætur skiptast þannig að hluti þeirra er tekjutengdur. Með öllum börnum yngri en sjö ára á tekjuárinu greiðast 61.191 kr., án tillits til tekna. Til viðbótar greiðast eftirfarandi barnabætur, tekjutengdar:

## Óskertar bætur hjóna og sambúðarfólks:

Með fyrsta barni 152.331 kr.

Með hverju barni umfram eitt 181.323 kr.

## Óskertar bætur einstæðra foreldra:

Með fyrsta barni 253.716 kr.

Með hverju barni umfram eitt 260.262 kr.

## Barnabætur skerðast í hlutfalli við tekjur umfram:

Hjá hjönnum og sambúðarfólki 3.600.000 kr.

Hjá einstæðu foreldri 1.800.000 kr.

## Hlutfall skerðingar:

Með einu barni 2% / Með tveimur börnum 5% / Með þremur börnum eða fleiri 7%

Tekjustofn til útreiknings barnabóta er frábrugðinn tekjuskattsstofni að því leyti að fjármagnstekjur, aðrar en vaxtatekjur, eru meðtaldar. Laun frá alþjóðastofnunum sem ekki eru skattlögð koma inn í tekjustofn til útreiknings á barnabótum. Þeir sem dveljast erlendis en eiga lögheimili hér á landi geta átt rétt á barnabótum, þó einungis að því marki sem barnabætur hér á landi eru hærrí en barnabætur eða hliðstæðar greiðslur erlendis frá. Greiðsludagur barnabóta eru 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember. Fyrirframgreiðsla barnabóta nemur 50% af áætluðum barnabótum ársins og greiðist með tveimur jöfnum greiðslum. Fyrri greiðsluna skal greiða eigi síðar en 1. febrúar en þá síðari eigi síðar en 1. maí.

Í síðasta ári samþykkti Alþingi bráðabirgðaákvæði er kveður á um að við greiðslu barnabóta verði barnabótum ekki skuldajafnað á móti opinberum gjöldum til ríkis-sjóðs, opinberum gjöldum til sveitarfélaga og vangreiddum meðlögum til Innheimtu-stofnunar sveitarfélaga á árinu 2010.

# Tryggingabætur

Skaðabætur og vátryggingafé vegna sjúkdóma, slysa, atvinnutaps eða launamissis eru skattskyldar tekjur.

Slíkar bætur frá tryggingafélagi eða Tryggingastofnun ríkisins eru vanalega greiddar út í formi örorkulífeyris eða styrks, sem tímabundin örorka/tekjutap, slysatrygging sjómanna eða dagpeningar úr slysa- og sjúkratryggingum. Bætur frá Tryggingastofnun ríkisins, s.s. örorkulífeyrir eða örorkustyrkur, skulu færðar til tekna á skattframtali svo og bætur frá tryggingafélagi s.s. tímabundin örorka/tekjutap, slysatrygging sjómanna eða dagpeningar. Tryggingafélagi ber að halda eftir staðgreiðslu vegna framangreindra greiðslna. Skaðabætur vegna varanlegrar örorku, miskabóta, líftryggingarfjár og dánarbóta eru ekki skattskyldar, enda séu þær ákveðnar í einu lagi til greiðslu.

Sama á við um bætur vegna tjóns á eignum sem ekki eru notaðar í atvinnurekstri. Slíkar bætur frá tryggingafélagi eru þó framtalsskyldar, sem og samþærilegar bætur frá Tryggingastofnun. Einstaklingar geta sótt um lækkun á tekjuskattsstofni til skattstjóra ef ellihrörleiki, veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol þeirra verulega.

Styrkir sem foreldrar eða forráðamenn barns fá frá sveitarfélagi til að annast barn heima, frá lokun fæðingarorlofs fram til þess að það hefur leikskólavistun eða grunnskólanám, teljast ekki til tekna hjá móttakanda.

Heimilt er að draga frá tekjum manna útgjöld að hámarki móttækinni fjárhæð ættleiðingarstyrks samkvæmt lögum um ættleiðingarstyrki.



## Erfðafjárskattur og dánarbú

Erfðafjárskattur er 5% og gildir það hvort heldur sem um er að ræða hefðbundna arftöku eða fyrirframgreiðslu arfs.

Ekki er greiddur erfðafjárskattur af fyrstu 1.000.000 kr. í skattstofni dánarbús, en skattfrelsi þetta gildir ekki um fyrirframgreiðslu arfs.

Skattstofn er heildarverðmæti allra fjárhagslegra verðmæta og eigna sem liggja fyrir á dánardegi arfleiðanda að frádregnum skuldum og kostnaði. Með heildarverðmæti er átt við almennt markaðsverðmæti viðkomandi eignar. Fasteignir eru taldar á fasteignamatsverði.

Arfur er skattlagður sem almennar tekjur sé erfðafjárskattur ekki greiddur.

Hvorki er greiddur erfðafjárskattur af arfi sem fellur til eftirlifandi maka eða sambylismanns né af lífeyrissparnaði sem fellur til erfingja. Dánarbú skattleggjast sem lögaðilar í 32,7% skattþrepi.

Dánarbú skattleggjast þar sem skipti fara fram.

# Bifreiðahlunnindi

Bifreiðahlunnindi eru reiknuð á árinu 2009 sem hlutfall af verði nýrrar bifreiðar þannig:

- Bifreið tekin í notkun 2007 eða síðar 26%
- Bifreið tekin í notkun 2004 til 2006 21%
- Bifreið tekin í notkun 2003 eða fyrr 18%

Greiði starfsmaður sjálfur rekstrarkostnað bifreiðar sem hann hefur til umráða skal lækka hlutfall hlunninda um 6% af verði bifreiðarinnar, skv. Bifreiðaskrá RSK. Bifreið sem flutt var inn notuð telst hafa verið tekin til notkunar á því ári sem hún var framleidd. Mánaðarleg hlunnindi teljast 1/12 af hlunnindum reiknuðum eins og að framan greinir fyrir hvern byrjaðan mánuð og skal við það miðað ef umráðin vara hluta úr ári.

---

## Ökutækjastyrkur

Frá fjárhæð ökutækjastyrks, er sannanlegur rekstrarkostnaður sem launþegi hefur borið vegna rekstrar ökutækis í þágu launagreiðanda leyfður til frádráttar. Skilyrði fyrir frádrættinum er að færð hafi verið akstursdagbók eða akstursskýrsla og að grein hafi verið gerð fyrir heildarrekstrarkostnaði og heildarnotkun bifreiðar á eyðublaði RSK 3.04.

- Heimill frádráttur frá ökutækjastyrk er að hámarki 92,00 kr. pr.km.

Frádráttur getur ekki orðið hærrí en ökutækjastyrkur sem talinn er til tekna. Ef frádráttur er lægri en styrkurinn ber að reikna tekjuskatt og útsvar af mismuninum. Þegar akstur er innan við 2.500 km. á árinu er ekki þörf á að sundurliða rekstrar-kostnað bifreiðar á framtali.

- Árlig afskrift bifreiðar reiknast 615.000 kr.

# Dagpeningar

Dagpeningar eru greiddir vegna tilfallandi ferðalaga launþega á vegum launagreiðanda utan fasts samningsbundins vinnustaðar. Þeim er ætlað að standa undir kostnaði launþegans vegna fjarveru frá heimili, annars vegar vegna gistikostnaðar og hins vegar vegna fæðiskaupa og annars tilfallandi kostnaðar sem af ferðinni hlýst.

Á móti dagpeningum er launamönnum heimilt að færa frádrátt skv. skattmati fjármálaráðherra. Á tekjuári þarf ekki að draga staðgreiðslu af dagpeningum, svo fremi að greiðslurnar séu ekki hærri en kveðið er á um í skattmati fjármálaráðherra. Séu þær hærri ber að draga staðgreiðslu af mismuninum.

## Dagpeningar innanlands árið 2009:

	<b>1/1-31/5</b>	<b>1/6-31/10</b>	<b>1/11-31/12</b>
Gisting og fæði í sólarhring	17.200	22.132	18.700
Gisting eina nótt	10.000	14.182	10.400
Fæði hvern heilan dag**	7.200	7.950	8.300
Fæði í hálfan dag***	3.600	3.975	4.150

\* Getur tekið breytingum á árinu / \*\* minnst 10 klukkustunda ferðalag / \*\*\* minnst 6 klukkustunda ferðalag

## Dagpeningar erlendis árið 2009 (SDR):

Sé dvalið skemur en 3 vikur á sama stað er heimilt að draga frá óskerta almenna dagpeninga. Sé dvalið 3 vikur eða lengur á sama stað er heimilt að draga frá óskerta almenna dagpeninga fyrstu vikuna en síðan þjálfunar, náms- eða eftirlitsdagpeninga. Fari dvöl erlendis vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa fram úr 3 mánuðum skal frádráttur vegna þjálfunar-, náms og eftirlitsdagpeninga lækka um fjórðung þann tíma sem dvalið er lengur en 3 mánuði. Frá tekjum manna af atvinnurekstri

eða sjálfstæðri starfsemi er heimilt, í stað kostnaðar samkvæmt reikningi, að draga fasta fjárhæð vegna ferðakostnaðar erlendis, annars en gisti- og fæðiskostnaðar. Fjárhæð þessi getur hæst numið 30% af þeim hluta dagpeninga sem er vegna annars kostnaðar en gistingar, skv. gildandi skattmatsreglum fjármálaráðherra. Í sérstakan flokk dagpeningagreiðslna erlendis eru flokkaðar greiðslur vegna þjálfunar, náms og eftirlitsstarfa.

**Tímabilið**  
**1/1/2009 – 28/2/2009**

**Almennir dagpeningar**

**Dagpeningar vegna  
þjálfunar, náms eða  
eftirlitsstarfa**

**Flokkur 1**

Moskva, New York borg, Tókýó,  
Singapúr, Washington DC

Gisting	Annað	Samtals	Gisting	Annað	Samtals
208	139	347	133	89	222

**Flokkur 2**

Aþena, Dublin, Ístanbúl,  
Japan (nema Tokýó), London,  
Lúxemborg, Mexíkóborg, Seúl

177	118	295	113	75	188
-----	-----	-----	-----	----	-----

**Flokkur 3**

Amsterdam, Aþena, Bandaríkin  
(nema New York borg og Wash-  
ington DC), Barcelona, Brussel,  
Genf, Helsinki, Hong Kong,  
Kanada, Kaupmannahöfn,  
Madrid, Osló, París, Róm,  
Stokkhólmur, Vín

156	105	261	100	67	167
-----	-----	-----	-----	----	-----

**Flokkur 4**

Annars staðar\*

139	92	231	89	59	149
-----	----	-----	----	----	-----

\* Nánari upplýsingar er að finna á vef Ríkisskattstjóra, [www.rsk.is](http://www.rsk.is)

Tímabilið 1/3/2009 – 31/12/2009	Almennir dagpeningar			Dagpeningar vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa		
	Gisting	Annað	Samtals	Gisting	Annað	Samtals
<b>Flokkur 1</b> Moskva, New York borg, Tókýó, Singapúr, Washington DC	187	125	312	120	80	200
<b>Flokkur 2</b> Aþena, Dublin, Ístanbúl, Japan (nema Tókýó), London, Lúxemborg, Mexíkóborg, Seúl	159	106	265	102	67	169
<b>Flokkur 3</b> Amsterdam, Aþena, Bandaríkin (nema New York borg og Wash- ington DC), Barcelona, Brussel, Genf, Helsinki, Hong Kong, Kanada, Kaupmannahöfn, Madrid, Osló, París, Róm, Stokkhólmur, Vín	141	94	235	90	60	150
<b>Flokkur 4</b> Annars staðar*	125	83	208	80	54	134

\* Nánari upplýsingar er að finna á vef Ríkisskattstjóra, [www.rsk.is](http://www.rsk.is)

# Umsókn um lækkun tekjuskattsstofns

Hafi framteljendur á sinni framfærslu ungmenni á aldrinum 16-21 árs, sem eru við nám eða hafa af öðrum ástæðum það lágar tekjur að þær duga ekki til framfærslu, geta þeir sótt um ívilnun til skattstjóra til lækkunar á tekjuskattsstofni. Sé ungmennið í skóla þarf að tilgreina nafn skóla. Veiti námið rétt til námslána kemur ívilnun ekki til álitu. Mesta lækkun á tekjuskattsstofni framfæranda við álagningu 2010 er 291.000 kr. miðað við að ungmenni hafi engar tekjur haft. Frá þessari fjárhæð dregst 1/3 af tekjum ungmennis þannig að þegar tekjur þess eru orðnar 873.000 kr. fellur réttur til ívilunar framfæranda niður. Um ívilnun þessa er sótt á fyrstu síðu skattframtals einstaklinga og fylla þarf út eyðublað RSK 1.01.

Undir sérstökum kringumstæðum getur skattstjóri einnig lækkað tekjuskatts- og útsvarsstofn. Eftirfarandi skilyrði eru fyrir lækkun samkvæmt þessari heimild:

· **Veikindi, slys, ellihrórleiki og mannslát:** Ef framangreind atriði leiða til skerts gjaldþols framteljanda.

· **Veikindi eða fötlun barns sem haldið er langvinnum sjúkdómum:** Skilyrði fyrir lækkun vegna framangreinds er að framteljandi hafi veruleg útgjöld umfram venjulegan framfærslukostnað vegna barns sem svo er áttast um.

· **Framfærsla foreldra eða annarra vandamanna:** Skilyrði fyrir lækkun samkvæmt framangreindu eru sannanleg útgjöld vegna framfærslu vegna foreldra eða annarra vandamanna.

· **Eignatjón:** Hafi framteljandi orðið fyrir verulega eignatjóni sem hann hefur ekki fengið bætt.

· **Töþ á útistandandi kröfum sem ekki stafa frá atvinnurekstri:** Þetta gildir m.a. um ábyrgðir sem fallið hafa án möguleika til endurkröfu.

Umsókn um lækkun ber að skila með skattframtali, á eyðublaði RSK 3.05. Þar koma fram upplýsingar um hvaða gögn þurfa að fylgja umsókn.

## Staðgreiðsla 2010:

· Staðgreiðsluhlutfall launa af fyrstu 200.000 kr. (skattþrep I)	37,22%
· Staðgreiðsluhlutfall launa af næstu 450.000 kr. (skattþrep II)	40,12%
· Staðgreiðsluhlutfall launa umfram 650.000 kr. (skattþrep III)	46,12%
· Staðgreiðsluhlutfall barna fæddra 1995 og síðar vegna tekna umfram 100.745 kr.	6%
· Persónuafsláttur (á mánuði), 100% yfirfærast hjá hjúnum, sambúðarfólki og aðila í staðfestri samvist	44.205 kr.
· Frítækjumörk launþega er greiða í lífeyrissjóð (4% af launum)	1.484.602 kr.
· Frítækjumörk ellilífeyrisþega	1.425.218 kr.
· Sérstakt staðgreiðsluhlutfall aðila með takmarkaða skattskyldu	28,12%
· Sjómannaafsláttur (á dag)	987 kr.
· Tryggingagjald	8,65%
· Tryggingagjald sjómanna	9,30%
· Tryggingagjald launþega með E-101 vottorð	0,632%

Lágmarksmótframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð (sameignarsjóð) er 8% af launum, en sumir kjarasamningar kveða á um 1% auka mótframlag atvinnurekenda. Mótframlag atvinnurekenda í séreignarlífeyrissjóð er almennt 2% á móti 2% - 4% framlagi launþega. Fjármagnstekjuskattur einstaklinga er 18% af mótteknum arði af hlutum og hlutabréfum í félögum, sem og af greiddum vöxtum.

## Bifreiðahlunnindi 2010:

Full bifreiðahlunnindi eru reiknuð á árinu 2010 sem hlutfall af verði bifreiða sem hér segir:

· Bifreið tekin í notkun 2008 eða síðar	26%
· Bifreið tekin í notkun 2005 til 2007	21%
· Bifreið tekin í notkun 2004 eða fyrr	18%

Greiði starfsmaður sjálfur rekstrarkostnað bifreiðar sem hann hefur til umráða skal lækka hlutfall hlunninda um 6% af verði bifreiðarinnar.

## Ökustækjastyrkur 2009:

Frá 1. janúar 2010 er kílómetragjaldið

92 kr.\*



## Dagpeningar 2010:

### Innlendir dagpeningar árið 2010:

Gisting og fæði í sólarhring	18.700 kr.
Gisting í eina nótt	10.400 kr.
Fæði hvern heilan dag**	8.300 kr.
Fæði í hálfan dag***	4.150 kr.

### Dagpeningar erlendis árið 2010 (SDR):\*

	Almennir dagpeningar			Dagpeningar vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa		
	Gisting	Annað	Samtals	Gisting	Annað	Samtals
<b>Flokkur 1</b> Moskva, New York borg, Singapúr, Tókýó, Washington DC	187	125	312	120	80	200
<b>Flokkur 2</b> Dublín, Istanbúl, Japan, (nema Tókýó), London, Lúx- emborg, Mexíkóborg, Seúl	159	106	265	102	67	169
<b>Flokkur 3</b> Amsterdam, Aþena, Bandaríkin (nema New York borg og Washington DC), Barcelona, Brussel, Genf, Helsinkí, Hong Kong, Kanada, Kaupmannahöfn, Madrid, Osló, París, Róm, Stokkhólmur, Vín	141	94	235	90	60	150
<b>Flokkur 4</b> Annars staðar*	125	83	208	80	54	134

\* Getur tekið breytingum á árinu / \*\* Minnst 10 klukkustunda ferðalag / \*\*\* Minnst 6 klukkustunda ferðalag

# Opinber gjöld 2010 vegna rekstrar á árinu 2009

Tekjuskattur lögaðila	Hlutfall	Stofn
Félög með takmarkaða ábyrgð og samvinnufélög	15%	Hreinar tekjur
Aðrir lögaðilar	23,5%	Hreinar tekjur
Iðnaðarmálagjald	0,08%	Heildarvelta
Búnaðargjald	1,2%	Heildarvelta
Jöfnunargjald alþjónustu	0,10%	Heildarvelta
Tryggingagjald 1.1.-30.6	5,34%	
Tryggingagjald 1.7.-31.12	7%	

- Laun, reiknað endurgjald, móttframlag launagreiðanda í lífeyrissjóð og ýmsar starfs- tengdar greiðslur mynda stofn til tryggingagjalds.
- Viðbót við tryggingagjald vegna launa sjómanna er 0,65%.
- Tryggingagjald launþega með E-101 vottorð var 0,407% frá 1/1/2009 - 30/6/2009 og 0,507% frá 1/7/2009 -31/12/2009.
- Ef reiknað endurgjald eða greidd vinnulaun til annarra ná ekki 504.000 kr. á árinu er gjaldanda heimilt að greiða tryggingagjald með einni greiðslu í lok árs í stað mánaðarlegra greiðslna.
- Tryggingagjaldsstofn einstaklings með sjálfstæða starfsemi skal aldrei vera lægri en 748.224 kr. miðað við heilt ár og fullt starf.

## Opinber gjöld vegna rekstrar á árinu 2010

Tekjuskattur lögaðila	Hlutfall	Stofn
Félög með takmarkaða ábyrgð og samvinnufélög	18%	Hreinar tekjur
Aðrir lögaðilar	37,2%	Hreinar tekjur
Tryggingagjald	8,65%	
Tryggingagjald launþegar með E-101 vottorð	0,632%	

## Útvarpsgjald

Gjaldið verður við álagningu árið 2010

17.200 kr.

Gjaldið er lagt á lögaðila sem eru skattskyldir hér á landi og bera sjálfstæða skatt-  
aðild. Undanþegnir gjaldskyldu eru dánarbú, þrotabú og aðilar undanþegnir skatt-  
skyldu skv. 4. gr. tekjuskattslaga.

## Söluhagnaður

Hlutafélög, einkahlutafélög, samlags-  
hlutafélög (með sjálfstæða skatt-  
aðild), gagnkvæm váttryggingar- og  
ábyrgðarfélög, kaupfélög, önnur sam-  
vinnufélög og samvinnufélagasambönd  
geta fært til frádráttar tekjum hagnað af  
sölu hlutabréfa. Á þetta aðeins við um  
hlutabréf og eignahluti í hlutafélögum,  
einkahlutafélögum og samlagshluta-  
félögum. Hið sama gildir um hagnað  
sem félög í sömu félagaförum með  
takmarkaða skattskyldu á Íslandi og  
eru heimilisföst í öðru aðildarríki á  
Evrópska efnahagssvæðinu, aðildar-  
ríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka  
Evrópu eða Færeyjum hafa fengið af  
sölu hlutabréfa.

Framangreint gildir hvort sem um er  
að ræða hagnað af sölu hlutabréfa í  
félögum sem skráð eru á Íslandi eða  
erlendis ef seljandi sýnir fram á að  
hagnaður af starfsemi hins erlenda

félags hafi verið skattlagður með  
sambærilegum hætti og gert er á Íslandi  
og í skatthlutfalli sem sé eigi lægra  
en skatthlutfall í einhverju aðildarríki  
OECD, EES eða EFTA.

Tap umfram hagnað af sölu hlutabréfa  
og afleiðusamninga þar sem undirliggj-  
andi eru eingöngu hlutabréf, heimilast  
ekki sem frádráttur frá tekjum og mynd-  
ar því ekki yfirfærlegt tap.

Frádráttur er því aðeins heimill að yfir-  
færlegt rekstrartap hafi verið jafnað,  
þar með talið tap sem myndast hefur á  
árinu.

Á árinu 2011 (álagning 2012) kemur til  
frankvæmda breyting á frádráttarrétti  
vegna söluhagnaðar hlutabréfa. Verður  
þá skilyrði fyrir frádrætti sá að seljandi  
hlutabréfanna hafi átt a.m.k. 10% hlut í  
viðkomandi lögaðila á söludegi.

# Skattafrádráttur nýsköpunarfyrirtækja

Nýsköpunarfyrirtæki sem fengið hafa staðfestingu hjá Rannís sem nýsköpunarfyrirtæki geta fengið frádrátt frá álöögðum tekjuskatti sem nemur 15% af útlögðum kostnaði vegna rannsóknar- og þróunarverkefna. Ef álagður tekjuskattur er lægri en ákvarðaður frádráttur eða enginn tekjuskattur þá skal greiða frádráttinn út. Hámark kostnaðar til útreiknings á frádrætti skal vera 50.000.000 kr. á rekstrarári (75.000.000 kr. að tilteknum skilyrðum uppfylltum) og getur lækkun álagðs tekjuskatts orðið á bilinu 750.000 kr. - 11.250.000 kr.

Til að Rannís geti veitt lögaðila staðfestingu sem nýsköpunarfyrirtæki svo unnt verði að nýta ákvæði um skattafrádrátt þurfa eftirfarandi skilyrði að vera fyrir hendi:

- 1) að hugmyndin að virðisaukandi vöru/þjónustu og viðskiptaáætlun sé vel skilgreind, og
- 2) að sýnt sé fram á með gögnum að varið verði a.m.k. 5.000.000 kr. til rannsókna og þróunar á 12 mánaða tímabili, og
- 3) starfsmenn hafi þjálfun, menntun eða reynslu á því sviði sem hugmynd að virðisaukandi vöru eða þjónustu byggist á.

# Skattafrádráttur vegna fjárfestingar í nýsköpunarfyrirtækjum

Lögaðilar sem kaupa ný hlutabréf við aukningu hlutafjár í nýsköpunarfyrirtæki sem hlotið hefur staðfestingu Rannís geta dregið kaupverð þeirra hlutabréfa frá skattskyldum tekjum sínum á tekjuárinu (keypt bréf umfram seld á árinu). Hámark skattaafsláttar fyrir lögaðila er 15.000.000 kr. Það er skilyrði frádráttar að lögaðillinn eigi viðkomandi hlutabréf yfir þrenn áramót og geri árlega grein fyrir eignarhaldi þeirra á skattframtali. Selji lögaðillinn bréfin innan þess tíma færast nýttur frádráttur til tekna á söluári viðkomandi hlutabréfa nema lögaðillinn kaupi á sama ári og eigi síðar en 30 dögum eftir sölu önnur hlutabréf í félögum sem uppfylla skilyrði fyrir skattafrádrætti.

Rannís skal veita lögaðila staðfestingu sem nýsköpunarfyrirtæki vegna hlutafjárukningar ef eftirtalin skilyrði eru uppfyllt:

- 1) að rannsóknar- og þróunarkostnaður samkvæmt ársreikningum lögaðilans undanfarin tvö af þremur árum næst á undan umsóknarári hafi numið meira en 1,5% af rekstrartekjum eða rekstrarkostnaði eftir því hvor fjárhæðin er hærri, eða varið hafi verið a.m.k. 40.000.000 kr. til rannsókna og þróunar á ári undan farin tvö ár, og
- 2) að verkferlar séu vel skilgreindir, og
- 3) að hluthafafundur hafi tekið ákvörðun um aukningu hlutafjár samkvæmt lögum um ehf./hf., og
- 4) að upplýsingagjöf til fjárfesta verði tryggð í þeim tilgangi að vernda fjárfesta, tryggja eðlilega þátttöku nýsköpunarfyrirtækja á markaði og stuðla að eðlilegri verðmyndun og seljanleika.

# Afskriftarhlutföll og niðurfærsla eigna

Lágmark - hámark	2009/2010
· Skip, skipsbúnaður og fólksbifreiðar	10%-20%*
· Loftför og fylgihlutir	10%-20%*
· Verksmiðjuvélar, iðnaðarvélar og tæki	10%-30%*
· Skrifstofuáhöld og tæki	20%-35%*
· Vélar, tæki og bifreiðar sem ekki falla undir flokkana hér á undan	20%-35%*
· Íbúðarhúsnæði, skrifstofu- og verslunarhúsnæði	1%-3%
· Verksmiðju- og verkstæðishúsnæði, vörugymslur og fleira	3%-6%
· Keyptur eignarréttur að hugverkum og auðkennum, s.s. höfundarréttur, útgáfuréttur, réttur til hagnýtingar upplýsinga, einkaleyfis og vörumerkja	15%-20%
· Keypt viðskiptavild	10%-20%

*\* Fyrningargrunnur þessara fastafjármuna er stofnverð þeirra að frádrögnum áður fengnum fyrningum (bókfært verð)*

Keyptar aflaheimildir er ekki hægt að fyrna. Stofnkostnað við kaup á framleiðslurétti í landbúnaði má færa niður án endurmats með jöfnum fjárhæðum á fimm árum. Eftirtaldir eignir má færa niður að fullu á því ári sem þær myndast eða gjaldfæra með jöfnum fjárhæðum á fimm árum:

- Stofnkostnað, svo sem vegna skráningar fyrirtækis og öflunar atvinnurekstrarleyfa.
- Kostnað við tilraunavinnslu, markaðsleit, rannsóknir, öflun einkaleyfis og vörumerkja. Falli notkun einstakra eigna ekki undir sama fyrningarhlut fall skal fyrningargrunni þeirra skipt eftir notkun, þó þannig að sé eign notuð að 3/4 hlutum eða meira til sömu starfsemi skal eignin í heild háð sama fyrningarhlutfalli.

# Virðisaukaskattur

- **Almennt virðisaukaskattshlutfall hefur verið hækkað og er nú 25,5%.**

Vörur og þjónusta sem bera 7% virðisaukaskatt eru:

- Útleiga hótél- og gistiherbergja og önnur gistipjónusta.
- Afnotagjald útvarpsstöðva.
- Sala tímarita, dagblaða, landsmála- og héraðsfréttablaða.
- Sala bóka, jafnt frumsaminna sem þýddra, sem og hljóðupptökur af lestri slíkra bóka.
- Sala á heitu vatni, rafmagni og olíu til hitunar húsa og laugarvatns.
- Sala á matvörum og öðrum vörum til mannelis eins og skilgreint er í viðauka við breytingalögin, þó ekki sala á áfengi.
- Aðgangur að vegamannvirkjum.
- Geisladiskar, hljómplötur, segulbönd og aðrir sambærilegir miðlar með tónlist en ekki með mynd.

Undanþegin virðisaukaskatti eru heilbrigðisþjónusta, félagsleg þjónusta, rekstur skóla og ýmiss konar kennsla, ýmiss konar menningarstarfsemi, íþróttastarfsemi, fólksflutningar, pósthjónusta, fasteignaleiga (þó ekki útleiga hótél- og gistiherbergja) og útleiga bifreiðastæða, váttryggingarstarfsemi, þjónusta lánastofnana og verðbréfamiðlun, happdrætti og getraunastarfsemi, ýmiss konar liststarfsemi, þjónusta ferðaskrifstofu, útfararþjónusta og prestsþjónusta hvers konar.

## Samskráning á virðisaukaskattsskrá

Skattstjóri getur heimilað að tvö eða fleiri hlutafélög eða einkahlutafélög verði samskráð á virðisaukaskattsskrá. Sömu reglur eiga við um sparisjóði og dótturfélög þeirra. Skilyrði samskráningar eru að móðurfélag eigi a.m.k. 90% hlutfjár í dótturfélagi, að öll hlutafélögin hafi sama reikningsár og að samsköttunin

Undanþegnir virðisaukaskattskyldu eru þeir sem selja skattskylda vöru eða þjónustu fyrir minna en 500.000 kr. á ári. Aðilar sem hafa skattskylda veltu undir 1.400.000 kr. á árinu 2009 skulu nota almanaksárið sem uppgjörstímabil virðisaukaskatts. Gjaldldagi vegna ársuppgjörðs er 5. febrúar ár hvert. Fari velta skattaðila yfir 1.400.000 kr. á árinu 2010 ber honum að gera skil með almennum hætti eftir að því marki er náð.

standi að lágmarki í fimm ár. Umsókn um samskráningu skal berast til skattstjóra í því skattumdæmi þar sem móðurfélagið er heimilisfast ekki síðar en 8 dögum fyrir upphaf fyrsta reikningsárs sem samskráningar er ætlað að taka til.



## Samsköttun félaga

Heimilt er að óska eftir samsköttun hlutafélaga ef móðurfélag á a.m.k. 90% í dótturfélagi eða móður- og dótturfélag eiga saman a.m.k. 90% í öðru dótturfélagi og félögin hafa sama reikningsár. Sama gildir þegar dótturfélag er í eigu samvinnufélags eða sparisjóðs. Eignarhald verður að hafa varað allt reikningsárið nema þegar um nýstofnuð dótturfélög er að ræða eða slit á dótturfélagi. Samsköttunin nær til tekjuskatts. Heimildin er veitt til fimm

ára í senn. Sé samsköttun slitið er ekki fallist á samsköttun á ný fyrr en að fimm árum liðnum. Í samsköttun er hvert ár gert upp áður en tekið er tillit til taps fyrri ára. Tap félags í samsköttun er gert hlutfallslega upp á milli hagnaðar félaga. Skatturinn er lagður á móðurfélagið en heimilt er að óska eftir því að lagður verði skattur á hvert og eitt félag. Öll félögin bera sameiginlega ábyrgð á skattgreiðslunum.

# Reiknað endurgjald 2010

Viðmiðunarfrjárhæðir reiknaðs endurgjalds eru lágmarksviðmiðun. Mánaðarlegt reiknað endurgjald manna sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eða starfa hjá einkahlutafélagi, hlutafélagi eða sameignarfélagi eða tengdum félögum sem þeir eða aðrir þeim nátengdir, hafa ráðandi stöðu í vegna eignar- eða stjórnaraðildar, er eftirfarandi:

· **Flokkur A. Sérfræðiþjónusta**

Laun frá 517.000 kr. til 725.000 kr.

· **Flokkur B. Almenn starfsemi, iðnaður, verslun, útgerð og þjónusta**

Laun frá 342.000 kr. til 685.000 kr.

· **Flokkur C. Fjölmíðlun, listamenn, skemmtikraftar, útgefendur, sérhæfð sölustarfsemi eða þjónusta o.fl.**

Laun frá 414.000 kr. til 663.000 kr.

· **Flokkur D. Iðnaðarmenn**

Laun frá 276.000 kr. til 331.000 kr.

· **Flokkur E. Ýmis starfsemi einyrkja, ófaglærðra og vélstjórnenda**

Laun frá 222.000 kr. til 301.000 kr.

· **Flokkur F. Sjómennska**

Laun frá 276.000 kr. til 414.000 kr.

· **Flokkur G. Landbúnaður**

Laun frá 102.000 kr. til 204.000 kr.

· **Flokkur H. Makar og börn**

Laun frá 83.000 kr. til 415.000 kr.

Í hverjum flokki er allt að 5 undirflokkar. Það ræðst af stöðu manna í rekstrinum og fjölda starfsmanna (stöðugilda) á launaskrá hvar menn raðast innan hvers flokks. Nemi reiknað endurgjald lægri

frjárhæð en 215.000 kr. yfir árið, má halda því utan staðgreiðslu.

Miðað er við almenn mánaðarlaun án hlunninda og er þetta því lágmarksfrjárhæð sem þarf að reikna sem endurgjald.

## Arður

Hlutfélagum og einkahlutfélagum er heimilt að draga frá skattskyldum tekjum sínum móttekinn arð sem þau fá úthlutað frá hlutfélagum, einkahlutfélagum og samlagshlutfélagum. Sama gildir um móttekinn arð erlendis frá, hafi hagnaður hlutfélagsins, sem er verið að úthluta, verið skattlagður með svipuðum hætti og gert er hér á landi. Skilyrði er að skatthlutfall, sem lagt er á hagnað hins erlenda félags, sé eigi lægra en almennt skatthlutfall í einhverju aðildarríkja OECD eða aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins.

Frá og með rekstrarárinu 2010 er það skilyrði frádráttar að yfirfæranlegt rekstrartap hafi verið jafnað, þ.m.t. tap sem myndast hefur á árinu.

### Hluti arðgreiðslu sem telst til launatekna

Hjá þeim skattaðilum sem skylt er að reikna sér endurgjald skal telja til tekna sem laun 50% af heimilum úthlutaðum arði samkvæmt lögum um hlutfélag og lögum um einkahlutfélag, af því marki sem heimil arðsúthlutun félagsins er samtals umfram 20% af skattalega bókfærðu eigin fé þess í árslok viðmiðunarárs.

Sameignarfélagum er ekki heimilt að gjaldfæra móttekinn arð en greiða á móti aðeins 18% skatt af arðstekjum.

Á árinu 2011 (álagning 2012) kemur til framkvæmda breyting á frádráttarrétti vegna móttekinnar arðgreiðslna. Verður þá skilyrði fyrir frádrætti að móttakandi arðs eigi í lok þess árs sem arður er greiddur vegna a.m.k. 10% hlut í þeim lögaðila sem greiðir arðinn.

# Stofnun félaga

## Hlutfélag

Lágmarkshlutfé er 4.000.000 kr. Minnst tveir skulu vera hluthafar. Kostnaður við skráningu er 256.000 kr. Hluthafar bera ekki persónulega ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins.

## Einkahlutfélag

Lágmarkshlutfé er 500.000 kr. Nægilegt er að hluthafi sé aðeins einn. Kostnaður við skráningu er 130.500 kr. Hluthafar bera ekki persónulega ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins.

## Sameignarfélag

Ekkert lágmarks stofnfé. Minnst tveir skulu vera félagsmenn. Kostnaður við skráningu er 89.000 kr. Stimpilgjald er 2% af framlögðu stofnfé, aldrei lægra en 100 kr. Allir félagsmenn bera beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins (einn fyrir alla og allir fyrir einn ábyrgð).

## Samlagsfélag

Ekkert lágmarks stofnfé. Minnst tveir skulu vera félagsmenn. Kostnaður við skráningu er 89.000 kr. Stimpilgjald er 2% af framlögðu stofnfé, aldrei lægra en 100 kr. Að minnsta kosti einn félagsmaður ber beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins en ábyrgð annarra takmarkast við ákveðið framlag.

# Uppgjör í erlendri mynt

Félögum er heimilt, að vissum skilyrðum uppfylltum, að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli. Sækja verður um það til ársreikningaskrár í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir upphaf reikningsárs. Heimildin er bundin í 5 ár og hefur ársreikningaskrá eftirlit með því að félög, sem hljóta heimild, uppfylli áfram skilyrðin sem eru eftirfarandi:

- Félag hefur meginstarfsemi erlendis eða er hluti erlendar félagasamstæðu.
- Félag á erlend dótturfélög eða hlutdeild í erlendum félögum og meginviðskipti félagsins eru við þessi félög.
- Meginstarfsemi er hér á landi en verulegur hluti viðskipta í erlendum gjaldmiðli.
- Verulegur hluti fjárfestinga og skulda þeim tengdum er í erlendum gjaldmiðli.
- Starfrækslugjaldmiðill sé skráður hjá Seðlabanka Íslands eða viðskiptabanka félagsins.

Telji félag sig ekki lengur uppfylla skilyrði ber því að tilkynna það ársreikningaskrá. Ársreikningaskrá getur þó veitt frest í tvö reikningsár telji hún ástandið tímabundið. Þegar félög gera upp í erlendri mynt, samkvæmt þessari heimild, má skattframtal í íslenskum krónum annaðhvort byggja á bókhaldi í erlendri mynt eða á bókhaldi í íslenskum krónum, ef bókhaldið er jafnframt

fært í íslenskum krónum. Viðhalda verður sömu aðferð í a.m.k. 5 ár. Við umreikning yfir í íslenskar krónur skal umreikna tekjur og gjöld, þ.m.t. fyrningar, miðað við meðalgengi reikningsársins. Eignir, skuldir og eigið fé skal umreiknað á gengi í lok reikningsársins. Gengismunur sem kann að myndast við umreikning skal ekki hafa áhrif á tekjur í rekstrarreikningi.

## Gengishagnaður og gengistap hjá þeim sem stunda atvinnurekstur

Gengishagnaður og -tap reiknast af hvers konar eignum og skuldum í árslok. Telst gengishagnaður til tekna en gengistap er frádráttarbær rekstrarkostnaður á því ári en það myndast.

Peir sem stunda atvinnurekstur eru skyldugir að dreifa gengishagnaði og -tapi til skattlagningar á þrjú ár frá og með því ári er umræddar tekjur og gjöld myndast. Þessi meðferð er óskilyrðisbundin. Tap þarf því ekki að hafa verið jafnað. Hafi fyrirtæki 1,5 millj. í gengishagnað umfram gengistap árið 2010 teljast því 500 millj. til tekna árið 2010, 500 millj. til tekna árið 2011 og 500 millj. árið 2012. Athuga ber að skylt er að nota þessa aðferð.

# Ýmsar upplýsingar

## Niðurfærsla á verði bifreiða:

Bifreiðar einstaklinga sem ekki eru notaðar í atvinnurekstri er heimilt að færa árlega niður í mati um 10% af skráðu verði á skattframtali fyrra árs. Niðurfærsla heimilast ekki á kaupári.

## Vísitölur:

	<b>Janúar 2010</b>	<b>Janúar 2009</b>	<b>Breyting</b>
Byggingarvísitala	501,1	489,6	+2,35%
Lánskjaravísitala	7.033	6.474	+8,63%
Vísitala neysluverðs til verðtryggingar	356,2	327,9	+8,63%

## Opinbert viðmiðunargengi:

	<b>Kaup</b>	<b>Sala</b>	<b>Kaup</b>	<b>Sala</b>	<b>Breytingar</b>
	<b>31.12.09</b>	<b>31.12.09</b>	<b>31.12.08</b>	<b>31.12.08</b>	<b>miðað við</b>
					<b>miðgengi</b>
USD	124,6	125,2	120,58	121,16	+3,33%
GBP	201,11	202,09	175	175,86	+14,92%
CAD	118,69	119,39	98,83	99,41	+20,10%
DKK	24,101	24,243	22,742	22,876	+5,98%
NOK	21,608	21,736	17,245	17,347	+25,30%
SEK	17,464	17,566	15,513	15,603	+12,58%
CHF	120,92	121,6	113,6	114,24	+6,44%
JPY	1,3477	1,3555	1,3359	1,3437	+0,88%
SDR	195,18	196,34	186,02	187,12	+4,93%
EUR	179,38	180,38	169,5	170,44	+5,83%

## Gjaldfærsla:

- Gjaldfærsla einstakra rekstrarfjármuna árið 2009 er að hámarki 250.000 kr.
- Niðurfærsla á viðskiptakröfum og lánveitingum í lok reikningsárs er allt að 5%.
- Niðurfærsla vörubirgða í lok reikningsárs er allt að 5% af matsverði.
- Á skattframtali 2010 er heimilt að draga frá skattskyldum hagnaði rekstrartap síðustu 10 ára.



## Stimpilgjald:

Af heimildabréfum fyrir fasteignum greiðist stimpilgjald sem nemur 0,4% af fasteignamatverði. Af skuldabréfum og tryggingabréfum, þegar skuldin ber vexti og er tryggð með veði eða ábyrgð, skal greiða 1,5%. Fyrir stimplun annarra skuldbréfa og tryggingabréfa skal greiða 0,5%. Vegna útgáfu hlutabréfa í félögum með takmarkaða ábyrgð skal greiða 0,5% af fjárhæð (nafnverði) bréfanna. Framsal hlutabréfa og jöfnunarhlutabréfa er stimpilfrjálst. Ekki ber að greiða stimpilgjald af hlutabréfum, sem eru gefin út í stað eldri hlutabréfa, sem sannanlega hafa verið stimpluð, eða jöfnunarhlutabréfa, enda séu hin nýju bréf stimpluð gjaldfrjálsri stimplun innan tveggja mánaða frá útgáfu þeirra. Af hlutum eða hlutdeildarskírteinum í einkahlutafélögum greiðist ekki stimpilgjald.

Fyrir þinglýsingu skal greiða 2.000 kr.

Skuldabréf og tryggingarbréf sem gefin eru út til fjármögnunar fyrstu kaupa á íbúðarhúsnæði einstaklings eru stimpilfrjáls að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

## Þinggjöld 2010:

Álögð þinggjöld á tekjur ársins 2009 sem ekki hafa verið innheimt í staðgreiðslu skulu greidd á tíu gjalddögum á árinu 2010. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema í janúar og í þeim mánuði er álagningu lýkur. Þar til álagning liggur fyrir skal greiða fyrirfram upp í álagningu ársins. Greiðslan skal á hverjum gjalddaga nema 8,5% af þinggjöldum ársins 2009. Þó er miðað við að ekki sé innheimt lægri fjárhæð en 2.000 kr. á hverjum gjalddaga, þannig að gjalddagarnir geta verið færri en að framan greinir. Heimilt er að sækja um lækkun á þeirri fjárhæð þinggjalda sem gjaldendum er gert að greiða fram að álagningu enda hafi þeir skattstofnar sem um ræðir lækkað verulega á milli ára. Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra í viðkomandi umdæmi.

# Tvísköttunarsamningar

Tvísköttunarsamningar við eftirfarandi ríki eru:

Bandaríkin – Belgía – Bretland – Eistland – Frakkland – Grikkland – Grænland – Holland – Indland – Írland – Ítalía – Kanada – Kína – Lettland – Litháen – Lúxemborg – Malta – Mexíkó – Mön – Norðurlöndin\* – Portúgal – Pólland – Rúmenía – Rússland – Slóvakía – Spánn – Suður Kórea – Sviss – Tékkland – Ungverjaland – Úkraína – Vietnam – Þýskaland.

*\*Samningur milli Finnlands, Noregs, Svíþjóðar, Danmerkur, Færeyja og Íslands.*

## Eignir erlendis

Eigi framteljandi, sem er heimilisfastur hér á landi, eignir í ríki sem Ísland hefur gert tvísköttunarsamning við, ber honum að gera grein fyrir þeim eignum í athugasemda-kafla á fyrstu síðu framtals. Þetta á þó ekki við um erlendar bankainnistæður og verðbréfaeignir, þær eru skattskyldar hér á landi og skal gera grein fyrir þeim ásamt vaxtatekjum/gengishagnaði í þar til gerða reiti á skattframtali. Eigi framteljandi eignir í ríki, sem ekki hefur verið gerður tvísköttunarsamningur við, ber honum að telja þær eignir fram á skattframtali á sama hátt og um eignir hér á landi sé að ræða.

## Laun erlendis

Hafi framteljandi aflað launatekna erlendis, á sama tíma og hann var heimilisfastur hér á landi, ber honum að gera grein fyrir þeim tekjum á framtali. Hér er átt við hvers konar launatekjur, starfstengdar greiðslur og hlunnindi. Tilgreina skal í hvaða landi teknanna er aflað og fjárhæð í erlendri mynt. Fjárhæðina skal umreikna í íslenskar krónur á meðalkaupgengi þess tíma þegar teknanna var aflað. Hafi tekna verið aflað í ríki sem í gildi er tvísköttunarsamningur við, koma þær tekjur ekki til skattlagningar, en eru hafðar til hliðsjónar við skattlagningu annarra tekna og geta þannig haft áhrif á álagðan tekjuskatt og útsvar. Þessar tekjur reiknast með í skerðingarstofnum við útreikning barnabóta og vaxtabóta. Hafi tekna verið aflað í ríki, sem Ísland hefur

ekki gert tvísköttunarsamning við, skattleggjast þær á sama hátt og tekjur sem aflað er hér á landi. Hafi skattar verið greiddir erlendis af þeim tekjum hefur skattstjóri heimild til að lækka álögð gjöld með tilliti til þeirra skattgreiðslna. Framteljandi skal þá láta fylgja framtali sínu staðfestingu um skattgreiðslur erlendis.

## Vaxtatekjur og arður erlendis

Hvers konar vaxtatekjur skal telja fram á framtali, en þær eru skattskyldar hér á landi óháð því hvar þeirra er aflað. Umreikna skal þessar vaxtatekjur í íslenskar krónur miðað við meðalkaupgengi eins og það var þegar vaxtatekjurnar voru lausar til ráðstöfunar. Á sama máta ber að gera grein fyrir arði af erlendum hlutabréfum á framtali. Hafi skattar verið greiddir af arðinum erlendis skal gera grein fyrir þeim skattgreiðslum í athugasemdadálki á fyrstu síðu framtalsins. Umreikna skal arðinn og skattgreiðslur í íslenskar krónur miðað við meðalkaupgengi eins og það var þegar arðurinn var greiddur.

## Aðrar tekjur erlendis

Hafi annarra tekna verið aflað en þeirra, sem fjallað hefur verið um hér að framan, skal gera grein fyrir þeim í athugasemdakafli á fyrstu síðu framtals. Þetta á við um söluhagnað, leigutekjur, hvers konar skattskylda vinninga o.fl. Hafi skattar verið greiddir af þessum tekjum erlendis skal og gera grein fyrir þeim í athugasemdum. Umreikna skal tekjur (og skattgreiðslur) í íslenskar krónur miðað við meðalgengi þess tímabils sem teknanna var aflað á.

# Takmörkuð skattskylda

Með takmarkaðri skattskyldu aðila er átt við skyldu þeirra sem ekki hafa heimilisfesti hér á landi til að greiða tekjuskatt af tekjum sem uppruna eiga hér á landi, án tillits til þeirra tekna sem þeir kunna að afla annars staðar á sama tíma eða sama almanaksári. Í tvísköttunarsamningum er að finna ýmis ákvæði sem valda því að tekjur sem án slíkra samninga væru skattskyldar hér á landi, eru það ekki.

Tekjuskattur aðila með takmarkaða skattskyldu er eftirfarandi:

## Einstaklingar

- Menn sem dvelja hér á landi skemur en 183 daga á 12 mánaða tímabili og njóta launa fyrir störf sín og menn sem reka hér á landi fasta starfsstöð, taka þátt í rekstri fastrar starfsstöðvar eða njóta hluta af ágóða slíkrar starfsstöðvar (eiga rétt á persónuafslætti í réttu hlutfalli við dvalardaga) **24,1%-33%\***
- Söluhagnaður eða leigutekjur af fasteign, vaxtatekjur, söluhagnaður hlutabréfa og arðsgreiðslur **18%\*\***
- Laun manna fyrir stjórnar- endurskoðenda- eða nefndarstörf, eftir laun, biðlaun, lífeyrislaun, styrkir eða hliðstæðar greiðslur (tekjuskattur af tekjuskattsstofni) og önnur þjónusta eða starfsemi innt af hendi hér á landi (tekjuskattur af greiðslu).\*\*\* **15%\***
- Laun vegna skemmtunar eða keppni án ákveðinna launa en nýtur þess í stað afraksturs af slíkrri starfsemi **10%**

## Lögaðilar

- Lögaðilar sem fá greiðslur fyrir þjónustu eða starfsemi innta af hendi hér á landi og lögaðilar sem reka hér á landi fasta starfsstöð, taka þátt í rekstri fastrar starfsstöðvar eða njóta hluta af ágóða slíkrar starfsstöðvar. **18%-32,7%\*\*\*\***
- Söluhagnaður eða leigutekjur af fasteign, vaxtatekjur, söluhagnaður hlutabréfa og arðgreiðslur **15%**

# Yfirlit um útsvar

Sveitarfélag	2010	2009
Reykjavík	13,03%	13,03%
Kópavogur	13,28%	13,28%
Seljtarnames	12,10%	12,10%
Garðabær	12,46%	12,46%
Hafnarfjörður	13,28%	13,28%
Sveitarfélagið Álftanes*	14,61%	13,28%
Mosfellsbær	13,19%	13,03%
Kjósarhreppur	12,53%	12,53%
Reykjanesbær	13,28%	13,28%
Grindavík	13,28%	13,03%
Akranes	13,28%	13,28%
Borgarbyggð	13,28%	13,28%
Stykkishólmur	13,28%	13,28%
Snæfellsbær	13,28%	13,28%

Sveitarfélag	2010	2009
Vesturbyggð	13,28%	13,28%
Ísafjarðarbær	13,28%	13,28%
Skagafjörður	13,28%	13,28%
Blönduósibær	13,28%	13,28 %
Akureyri	13,28%	13,28%
Norðurbíng	13,28%	13,28%
Fjallabyggð	13,28%	13,28%
Dalvíkurbyggð	13,28%	13,28%
Fjarðabyggð	13,28%	13,28%
Fljótsdalshérað	13,28%	13,28%
Vestmannaeyjabær	13,28%	13,28%
Sveitarfélagið Árborg	13,28%	13,28%
Hveragerðisbær	13,28%	13,28%
Sveitarfélagið Ölfus	13,28%	13,03%

\*Sveitarfélagið Álftanes hefur nýtt sér sérstaka heimild til að setja 10% álag á útsvar og er því útsvarið 14,61%.

\*\*Að auki hefur Bolungarvíkurkaupstaður nýtt sérstaka heimild og þar er útsvarið 13,94%.

## Tilheyrir blaðsíðu 44

\*Til viðbótar tekjuskatti er einnig lagt á útsvar á þessar tekjur sem er að jafnaði 13,12%

\*\*Ekki skal leggja tekjuskatt á 30% af leigutekjum manns af íbúðarhúsnæði.

\*\*\*Heimilt er að draga persónuafslátt frá tekjuskatti af eftirlaunum og lífeyri og skal ónýttum hluta hans einungis ráðstafað til greiðslu á útsvari af sömu tekjum. Sá hluti persónuafsláttar sem þá er enn gráðstafað fellur niður og er hann ekki milliferanlegur milli hjóna nema þau séu bæði eftirlaunþegar eða lífeyrissþegar.

\*\*\*\* Skatthlutfall er 18% ef um hlutfélag eða einkahlutfélag er að ræða en 32,7% ef um aðra lögaðila er að ræða.

# Skattýfirvöld

## Skattstofan í Reykjavík

Tryggvagötu 19, 150 Reykjavík  
sími 560-3600 / fax 552-9576  
[www.skr.is](http://www.skr.is)

## Skattstofan í Suðurlandsumdæmi

Vegskálum 1, 850 Hella  
sími 488-5500 / fax 487-5844  
[www.simnet.is/skattur](http://www.simnet.is/skattur)

## Skattstofan í Vestmannaeyjum

Heiðarvegi 15, 900 Vestmannaeyjar  
sími 481-1460 / fax 481-3025

## Skattstofan í Austurlandsumdæmi

Skjólvangi 2, 700 Egilsstaðir  
sími 470-1300 / fax 471-1395

## Skattstofan í Norðurlandsumdæmi eystra

Hafnarstræti 95, 600 Akureyri  
sími 460-0900 / fax 460-0901

## Skattstofan í Norðurlandsumdæmi vestra

Túngötu 3, 580 Siglufjörður  
sími 460-2800 / fax 460-2829

## Skattstofan í Vestfjarðarumdæmi

Hafnarstræti 1-3, 400 Ísafjörður  
sími 450-3500 / fax 450-3501

## Skattstofan í Vesturlandsumdæmi

Stíllholt 16-18, 300 Akranes  
sími 430-2900 / fax 430-2929

## Skattstofan í Reykjanesumdæmi

Suðurgötu 14, 220 Hafnarfjörður  
sími 515-2900 / fax 565-2699  
<http://skrmes.skattur.is>

## Tollstjórnin í Reykjavík

Tryggvagötu 19, 101 Reykjavík  
sími 560-0300 / fax 562-5826  
[www.tollur.is](http://www.tollur.is)

## Ríkisskattstjóri

Laugavegi 166, 150 Reykjavík  
sími 563-1100 / fax 562-4440  
[www.rsk.is](http://www.rsk.is)

## Skattransóknarstjóri

Borgartúni 7, 150 Reykjavík  
sími 550-8800 / fax 550-8850  
[www.skattrans.is](http://www.skattrans.is)

## Yfirskattaneftun

Borgartúni 21, 105 Reykjavík  
sími 575-8700 / fax 575-8729  
[www.yskn.is](http://www.yskn.is)

*\*Frá 1. janúar 2010 er landið eitt skattumdæmi undir yfirstjórn embættis ríkisskattstjóra*

## Helstu kennitölur ársreiknings

Veltufjárlutfall: Veltufjármunir / Skammtímaskuldir  
Sýnir greiðsluhæfi fyrirtækis.

Lausafjárlutfall: (Veltufjármunir – Birgðir) / Skammtímaskuldir  
Sýnir greiðsluhæfi fyrirtækis með kvikum veltufjármunum.

Eiginfjárlutfall: Eigið fé / Heildareignir  
Mælistika á fjárhagslegan styrk fyrirtækis.

Arðsemi eiginfjár: Hagnaður ársins / Meðalstaða eigin fjár  
Gefur til kynna hvað félag hefur hagnast mikið á rekstri miðað við bókfært eigið fé.

Kennitala tengd sjóðstreymi:  
Handbært fé frá reglulegri starfsemi / Meðalstaða heildarskulda  
Hlutfall þetta þykir gagnlegt til að sjá fyrir um greiðsluerfiðleika eða gjaldþrot félags.

## Helstu kennitölur á verðbréfamarkaði

### A / V hlutfall: Arður / Markaðsverð félags

Sýnir þann fjárhagslega ábata sem hluthafar njóta við það að eiga hlutabréfin. Hátt A/V hlutfall getur bæði gefið til kynna að arðgreiðslur séu háar og að markaðsverð sé lágt.

### Innra virði: Eigið fé / Hlutfé

Innra virði gefur til kynna hvað býr að baki hverri krónu í hlutfé félags í bókfærðu eigin fé.

### V / I hlutfall (Q - hlutfall): Markaðsverð félags / Eigið fé

Ef V/I hlutfallið er lægra en einn er markaðsverð fyrirtækisins lægra en eigið fé þess. Ef V/I hlutfall er hærra en einn er markaðsverð fyrirtækisins hærra en sem nemur eigin fé þess.

### V / H hlutfall: Markaðsverð félags / Hagnaður ársins

Sýnir hversu mörg ár hagnaður félags væri að skila aftur ígildi markaðsverðsins m.v. hagnað síðasta rekstrarárs.

### EBITDA: Hagnaður fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir

Sýnir fjármunamyndun rekstrarins og gefur til kynna hvaða fjármuni fyrirtæki hefur til þess að mæta öllum kröfum kröfuhafa (lánadrottna og eigenda).

### Seljanleiki: Velta hlutabréfa / Markaðsverð

Helsti mælikvarði á seljanleika hlutabréfa er velta þeirra á hlutabréfamarkaði sem hlutfall af markaðsverði viðkomandi fyrirtækis. Í þessu sambandi er einnig hægt að skoða fjölda viðskipta með bréfin.

### Hagnaður á hlut (EPS): Hagnaður eftir skatta / Fjöldi hluta að meðaltali

Hagnaður á hvern hlut af hlutfé félags.